

## AUGLÝSING

um sérstök veiðisvæði fyrir línu fyrir Suðvesturlandi,  
í Faxaflóa og Breiðafirði.

### 1. gr.

Skipum, sem veiðar stunda með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum, eru bannaðar veiðar fyrir Suðvesturlandi og í Faxaflóa á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Á tímabilinu til 20. marz 1973 á svæði, sem afmarkað er þannig: Frá Geirfugladrang er dregin lína í réttvísandi austur í punkt 63°40'6N og 22°55'2V og þaðan réttvísandi 213°. Þá er dregin lína frá Geirfugladrang í norðurátt í punkt 63°58'2N og 23°29'1V og þaðan í réttvísandi vestur. Að utan takmarkast svæði þetta af línu, sem dregin er 12 sml. utan grunnlínu samkvæmt reglugerð nr. 189/1972.

2. Á tímabilinu til 1. apríl 1973 í Faxaflóa á svæði, er takmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

- |            |         |
|------------|---------|
| 1. 64°28'N | 23°57'V |
| 2. 64°27'N | 24°43'V |
| 3. 64°18'N | 24°43'V |
| 4. 64°18'N | 24°23'V |

Enn fremur er netaveiði bönnuð allt árið 1973 í Breiðafirði innan línu, sem dregin er úr Skor í Eyrarfjall við Grundarfjörð.

### 2. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn auglýsingu þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu með síðari breytingum eða samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins og lögum nr. 62 18. maí 1967 um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu sbr. lög nr. 21 10. maí 1969 um breyting á þeim lögum, til þess að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 12. febrúar 1973.*

**F. h. r.**

**Jón L. Arnalds.**

*Þórður Ásgeirsson.*